


## Grip, skriffæri og beiting

Í leikskóladeildum og við upphaf skólagöngu er mikilvægt að kenna rétt grip skriffæris og leggja drög að því að styrkja rithönd nemenda.

Tilgangurinn með því að leiðbeina nemanda um rétt grip er að ýta undir góða beitingu skriffæris. Með lipru gripi eykst leikni í að skrifa og leysa þrautir sem krefjast fínlegri og nákvæmari hreyfinga. Rétt beiting gerir vinnuna auðveldari fyrir nemanda og úthald eykst.



Mikilvægt er að hafa nokkra þætti í huga þegar kemur að góðri beitingu við skrifleg verkefni:  Æskilegt grip um skriffæri eru þriggja fingra grip eins og sýnt er hér að ofan. Gott er að fingurgómar séu staðsettir u.þ.b. 2 sm. frá oddi skriffæris en örlítið ofar en það ef nemandi er örvhentur.

- Hreyfing á að sjást í kjúkum þumals og vísifingur þegar nemandi skrifar og er því mikilvægt að höndin hvíli á borðinu.
- Framhandleggur á allur að hvíla á borði og er því mikilvægt að færa blað ofar eftir því sem skrifað er neðar á blaðið.
- Mikilvægt er að minna nemanda á að styðja við blað/verkefni með hinni hendinni.
- Þegar nemandi er að festa gott grip í sessi getur hentað þeim vel að nota breið þríhyrningslaga skriffæri og liti. Mikilvægt er að nemandi sitji vel við borð með fætur í gólfi eða á öðru stöðugu undirlagi. Ef borð og stóll passa illa fyrir nemanda getur það valdið óróleika, dregið úr einbeitingu og haft áhrif á úthald og vinnusemi. Með auknum stöðugleika í sæti er hægt að draga úr þessum einkennum.
- Stóll þarf að vera hæfilega hár svo nemandi nái með iljar niður á gólf, fótafjöl eða skemil.
- Stíllíð stól/borð þannig að vinnuhæð sé um það bil í olnbogahæð (ca. 90°). Miðað er við að nemandi sitji með beint bak, slakar axlir og að handleggir hvíli á borði.  Við skriflega verkefnavinnu er gott að færa stól aftar og sitja frammar á stólsetu án þess að nota bakstuðning. Í þessari setstöðu hallar nemandi sér fram í mjöðm með beint bak og framhandleggir hvíla á borði.